



Aukinn árangur allra nemenda í námi án aðgreiningar

Endanleg yfirlitsskýrsla



EUROPEAN AGENCY
for Special Needs and Inclusive Education



AUKINN ÁRANGUR ALLRA NEMENDA Í NÁMI ÁN AÐGREININGAR

Endanleg yfirlitsskýrsla



RAISING THE ACHIEVEMENT
OF ALL LEARNERS IN INCLUSIVE EDUCATION



Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir (Miðstöðin) er sjálfstæð sjálfsstjórnarstofnun. Miðstöðin er sameiginlega fjármögnuð af menntamálaráðuneytum í aðildarlöndunum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, með stuðningi Evrópuþingsins.



Sameiginlega fjármagnað af Erasmus+ áætlun Evrópusambandsins

Stuðningur framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins við framleiðslu þessarar útgáfu felur ekki í sér stuðning við innihaldið, sem endurspeglar eingöngu skoðanir höfundanna, og framkvæmdastjórnin ber enga ábyrgð á notkun þeirra upplýsinga sem koma hér fram.

Þær skoðanir sem einstaklingar greina frá í skjalinu eru ekki endilega í samræmi við opinberar skoðanir miðstöðvarinnar, aðildarríkja hennar eða framkvæmdastjórnar ESB.

Ritstjórar: Verity J. Donnelly og Anthoula Kefallinou, starfsfólk miðstöðvarinnar

Útdráttur úr skjalinu er eingöngu leyfður ef skýrlega er vísað til heimildarinnar. Vísa skal til skjalsins á eftirfarandi hátt: Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2017. *Aukinn árangur allra nemenda í námi án aðgreiningar: Endanleg yfirlitsskýrsla.* (V.J. Donnelly og A. Kefallinou, ritst.). Odense, Danmörk

Til að bæta aðgengi að skýrslunni er hún tiltæk á 25 tungumálum og á rafrænu sniði á vefsvæði stofnunarinnar: www.european-agency.org

Þetta er þýðing á upprunalegum texta á ensku. Ef efi vaknar um nákvæmni upplýsinga í þýðingunni skal skoða upprunalega enska textann.

ISBN: 978-87-7110-731-9 (Rafrænt)

© European Agency for Special Needs and Inclusive Education 2017

Secretariat
Østre Stationsvej 33
DK-5000 Odense C Denmark
Tel: +45 64 41 00 20
secretariat@european-agency.org

Brussels Office
Rue Montoyer, 21
BE-1000 Brussels Belgium
Tel: +32 2 213 62 80
brussels.office@european-agency.org



EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	5
BAKGRUNNUR	6
NIÐURSTÖÐUR VERKEFNISINS	7
TILMÆLI	10
Tilmæli til skólastjórnenda og kennara	11
Tilmæli til stjórnenda í skólakerfinu og stefnumótenda	12
ÚTKOMA VERKEFNISINS	14
HEIMILDIR	16







INNGANGUR

Sá mikli kostnaður sem brottfall úr skóla og ójöfnuður veldur einstaklingum – og samfélaginu í víðara samhengi – er viðurkenndur í auknum mæli í Evrópu. Ekki er aðeins litið á aukinn árangur allra nemenda sem stefnumarkandi framtak, heldur sem siðferðislega skyldu.

Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérparfir (Miðstöðin) stóð fyrir verkefninu Aukinn árangur allra nemenda í námi án aðgreiningar (2014–2017) í kjölfar beiðna frá aðildarlöndunum. Verkefnið kannaði nálganir sem hafa bein eða óbein áhrif á áhugahvöt og getu ungs fólks til að læra. Slíkar nálganir eru líklegar til að auka þátttöku og ástundun, hjálpa við að draga úr fjölda brotthvarfsnemenda og að lokum, auka árangur allra nemenda.

Verkefnið Aukinn árangur allra nemenda í námi án aðgreiningar tók til nemenda, kennara, skólastjórnenda, rannsakenda og foreldra/umönnunaraðila, ásamt stefnumótendum á staðar- og landsvísu. Markmið þess var að kanna kennslufræðilegar aðferðir og kennsluaðferðir sem styðja best við nám og eru skilvirkar í að auka árangur allra nemenda. Það kannaði einnig hvaða leiðir skólastjórnendur geta notað til að veita stuðning:

- þróun, innleiðingu og eftirlit með framlögum og ferlum til að auka árangur;
- þátttöku nemenda og foreldra/umönnunaraðila í námsferlinu;
- „mælingu“ á öllum formum árangurs og greiningu á niðurstöðum til að upplýsa frekari þróun.

Þessi atriði voru skoðuð í samhengi við stefnu á lands- og staðarvísu. Verkefnið kannaði hvernig stefna getur veitt lærdómssamfélögum skilvirkan stuðning til að taka að sér þróun á stofnunum og styðja alla hagsmunaaðila við að starfa saman að því að auka árangur allra nemenda.

Eftirfarandi lönd tóku þátt í verkefninu: Austurríki, Belgía (flæmsku- og frönskumælandi hlutar), Bretland (England, Norður-Írland, Skotland og Wales), Danmörk, Eistland, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Írland, Ísland, Ítalía, Króatía, Kýpur, Lettland, Litháen, Lúxemborg, Malta, Noregur, Portúgal, Pólland, Slóvakía, Slóvenía, Spánn, Sviss, Svíþjóð, Tékkland, Ungverjaland og Þýskaland.



Lögð var áhersla á þrjú lærdómssamfélög fyrir hagnýta þætti verkefnisins:

- Istituto Tecnico Agrario Sereni (framhaldsskóli) og Istituto Comprensivo Antonio Rosmini (barna- og unglingaskóli), Róm, Ítalíu
- Hópur skóla í Łajski (barna- og unglingaskólar), sveitarfélaginu Wieliszew, Póllandi
- Calderglen lærdómssamfélagið (Calderglen High School og Sanderson High School – almennur skóli og sérskóli á sama stað), East Kilbride, Bretlandi (Skotlandi).

Hvert þátttökuaðildarland Miðstöðvarinnar tilnefndi tvo þátttakendur (rannsakanda og skólastjórnanda) til að taka þátt í verkefninu. Hver þátttakandi var tengdur einu lærdómssamfélaganna og heimsótti það tvisvar á meðan verkefninu stóð. Hvert lærdómssamfélag lagði fram forgangsmál fyrir starf og fékk stuðning í gegnum samstarfsvettvang verkefnisins á netinu. Fræðileg umfjöllun útvegaði mikilvæg rannsóknargögn fyrir starf verkefnisins (sjá: www.european-agency.org/publications/reviews/raising-the-achievement-of-all-learners-in-inclusive-education-literature).

Lærdómssamfélögin luku sjálfsmati fyrir verkefnið við upphaf hagnýta starfsstigsins og aftur við lok verkefnisins. Nánari upplýsingar um sjálfsmatið er að finna á: www.european-agency.org/resources/publications/raising-achievement-all-learners-self-review.

Frekari gögnum fyrir verkefnið var safnað frá mörgum þátttökupjóðanna með ítarlegum skýrslum og dæmum um stefnur og starfsvenjur til að auka árangur nemenda. Landsskýrslurnar, ásamt hugtakaramma verkefnisins, er að finna á: www.european-agency.org/agency-projects/raising-achievement.

Aðferðafræði verkefnisins er lýst að fullu í viðauka við yfirlitsskýrslu verkefnisins, *Raising the Achievement of All Learners in Inclusive Education: Lessons from European Policy and Practice* [Aukinn árangur allra nemenda í námi án aðgreiningar: Lærdómur af stefnum og starfsvenjum í Evrópu] (sjá: www.european-agency.org/resources/publications/raising-achievement-all-learners-project-overview).

BAKGRUNNUR

Starf við verkefnið Aukinn árangur var byggt á Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (1989) og Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (2006). Þau veita ramma utan um réttindamiðaða nálgun fyrir alla nemendur. Nefnd Sameinuðu



Þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks býður frekari ráðgjöf í *General Comment No. 4* (2016) [*Almennum athugasemdum nr. 4*] um rétt til menntunar án aðgreiningar (sjá: www.ohchr.org/EN/HRBodies/CRPD/Pages/GC.aspx). Þessir samningar, ásamt Markmiði 4 úr Markmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun – til að „ tryggja jafnan aðgang að námi án aðgreiningar og stuðla að tækifærum til ævináms fyrir alla“ (Sameinuðu þjóðirnar, 2015) – styðja réttindi nemenda með fötlun. Þeir tryggja að slíkir nemendur séu ekki jaðarsettir eða útilokaðir frá námi í almennum skólum (Evrópumiðstöðin, 2015).

Verkefnið Aukinn árangur beindist ekki að aðgreiningarleysinu sjálfu, heldur því að ná mikilsmetnum niðurstöðum fyrir alla nemendur. Aðgreiningarleysi verður sú undirliggjandi regla sem gerir skólum kleift að ná meiri færni í að bregðast við fjölbreytileika stakra nemenda. Þannig auka skólar getu sína til að veita réttláta, hágæðamenntun fyrir alla.

Verkefnið var einnig í samræmi við þær reglur og forgang sem eru sett í Evrópu. *Conclusions on Inclusion in Diversity to achieve a High Quality Education for All* [Ályktanir um aðgreiningarleysi í fjölbreytileika til að ná hágæðamenntun fyrir alla] leggja áherslu á að: „jafnrétti og jafnræði eru ekki nákvæmlega það sama og að skólakerfi verða að snúa baki við hinum hefðbundna „sama lausn hentar öllum“-hugsunarhætti“ (Ráð Evrópusambandsins, 2017, bls. 4). Framkvæmdastjórn ESB (2017) segir að þróun á getu og hlutverki kennara og skólastjórnenda sé nauðsynleg til að veita skýra sýn á framkvæmdir og stjórnun sem bæta reynslu og niðurstöður allra nemenda – með stefnum sem eru bæði sveigjanlegar og án aðgreiningar.

Verkefnið Aukinn árangur fjallaði um vandamál sem hafa áhrif á reynslu nemenda af fjölbreytilegum bakgrunni, sem standa frammi fyrir ólíkum áskorunum í námi. Það gefur samantekt á upplýsingum úr ólíkum skólakerfum, með dæmum um nálganir sem eru byggðar á sönnunargögnum og sem halda bæði stefnumótun og framkvæmd áfram til að auðvelda árangur nemenda.

NIÐURSTÖÐUR VERKEFNISINS

Verkefnið Aukinn árangur skapaði lærdómssamfélag sem nær til allrar Evrópu og sameinar þannig ólík sjónarmið. Það hvatti þátttakendur til að ganga lengra en að veita upplýsingar og rannsaka þess í stað stefnumótun á gagnrýninn hátt og hugsa skapandi um forsendurnar fyrir eigin starfsvenjum. Rannsókn á lærdómssamfélögum verkefnisins undirstrikaði þörfina á að nýta úrræðin sem best með því að nota vitsmunalegan og félagslegan auð til skipulagslegrar þróunar, breytinga og vaxtar.



Eins og lýst er hér að ofan rennir verkefnið stoðum undir þörfina á að færa áhersluna frá jöfnunaraðferðum til meira fyrirbyggjandi inngripa og forvarna sem auka getu allra skóla til að veita öllum nemendum hágæða stuðning. Verkefnið styður þá sýn að nám án aðgreiningar sé „yfirstefna“ til að auka árangur allra nemenda (Mitchell, 2014, bls. 27) með því að veita áskoranir sem þróa starfsvenjur kennara og skólastjórnendur og stofnanir.

Starfið við lærdómssamfélög verkefnisins hefur sýnt fram á ávinning af:

- mælingum til að meta heilsu og vellíðan allra nemenda og styðja þá til að öðlast þá hæfni og eiginleika sem hægt er að þroska með viðeigandi vinnusemi og þrautseigju;
- sveigjanlegum námstækifærum sem veita samfellu og framvindu í gegnum menntunarstig og tryggja mikilvægi náms fyrir lífið og starfsferilinn;
- sameiginlegri stjórnun og aukinni samvinnu á milli skólastarfsfólks;
- samstarfi við for foreldra, umönnunaraðila og fjölskyldur, til að auka metnað og þátttöku nemenda;
- þátttöku nærsamfélagsins og vinnuveitenda til að auka þýðingu námskrár og atvinnutækifæra.

Verkefnið undirstrikaði einnig þörfina á eftirliti með skólaþróun í gegnum „gleraugu án aðgreiningar“. Áherslan ætti að vera á jafnræði í öllum skólakerfum og -ferlum (t.d. hópskipun nemenda, úthlutun starfsmanna, aðgang að námskrá og víðtækari aðgerðum, faggildingu á námi og hæfni, fjármögnun). Einnig ætti að greina afrakstur nemenda og árangur til að tryggja réttlát tækifæri til að ná niðurstöðum sem skipta máli fyrir seinni tíma velgengni.

Verkefnið Aukinn árangur vekur einnig spurningar um ábyrgð og þörfina á að leysa áreksturinn á milli markaðssjónarmiða í umbótum og jafnræði, með víðtækari mælingum á árangri umfram formleg próf. Slíkar mælingar taka til persónulegs, félagslegs og víðtækari árangurs, auk þess að ná akademískum árangri. Þegar rætt var við nemendur á lokaráðstefnu verkefnisins Aukinn árangur voru skoðanir þeirra á velgengni ákaflega mismunandi. Það styrkir þörfina á því að snúa baki við þröngsýnum, stöðluðum aðferðum afraksturs og taka upp persónumiðaðri leiðir til að leggja mat á víðtækari og áreiðanlegri niðurstöður.

Rannsókn á verkefninu Aukinn árangur sýndi að áhersla á stöðugan stuðning við kennara og skólastjórnendur getur aukið getu skóla til að auka árangur allra nemenda. Hagnýtt starf verkefnisins sýndi einnig leiðir til að byggja upp faglega þekkingu og sérfræðiþekkingu kennara til að mæta fjölbreyttum þörfum nemenda. Þetta gerir kennurunum kleift að þróa nýjar leiðir til að skipuleggja nám fyrir alla. Slíka þekkingu má kynna í gegnum



samstarfsnet bæði innan lærdómssamfélagsins og utan þess (t.d. með háskólum á staðnum, öðrum skólum/framhaldsskólum og staðbundnum sérfræðingum) til að auka getu á framkvæmd sem er byggð á sönnunargögnum innan skólans.

Í rannsókninni á Auknum árangri tilkynntu aðeins nokkur lönd kerfisbundna notkun á rannsóknum á hagsmunaaðilum vegna gæðatryggingar, þrátt fyrir að þær geti lagt töluvert af mörkum til framfarafarla í skólastarfi. Á meðan verkefninu stóð voru skólastjórnendur og kennarar hvattir til að vinna með öðrum að endurteknum sjálfsmatsferlum (sjá: www.european-agency.org/resources/publications/raising-achievement-all-learners-self-review fyrir nánari upplýsingar). Verkefnið hefur styrkt þá hugmynd að eftirlit með gæðum menntunar sé nauðsynlegt fyrir framfarir í skólastarfi. Þetta leiðir til dýpri skilnings á skipulagi og ferlum og áhrifum þeirra á niðurstöður fyrir alla nemendur.

Að lokum hafa niðurstöður verkefnisins undirstrikað úrræði sem ganga lengra en jöfn tækifæri til að tryggja aðgreiningarleysi og taka framförum til jafnræðis. Algengt einkenni á þessum úrræðum er að allir hagsmunaaðilar – kennarar, nemendur, stjórnendur – þróa með sér „hugarfar um vöxt“, sem lítur á vinnusemi og þrautseigju sem nauðsynlegan hluta þess sem stuðlar að velgengni.





TILMÆLI

Verkefnið Aukinn Árangur hefur sýnt að til að ná bæði gæðum og jafnræði í hágæða skólakerfum eru tilteknar ráðstafanir nauðsynlegar. Í þessu felst:

- að veita úrræði til skóla og kerfa til að gera þeim kleift að bregðast eins fljótt við og hægt er til að styðja nemendur sem eru ekki að standa sig og þá sem eru í brottfallshættu;
- bjóða nýja nálgun og einstaklingsmiðuð námsferli fyrir ólíka nemendur;
- styðja sterka framkvæmdastjórnun sem leggur mikla áherslu á jafnræði og bætta niðurstöður fyrir alla nemendur.

Aðgerðirnar hér að ofan benda til þarfar á alhliða yfirliti yfir allt kerfið til að tryggja samræmi á milli ólíkra kerfisstiga og stefnusvæða. Mikilvægt er að hafa í huga að tilmæli á skólastigi þurfa hagstætt samhengi stefnu á svæðis-/landsvísu ef framkvæmd þeirra á að skila árangri.

Starf verkefnisins Aukinn árangur hefur styrkt þá hugmynd að aðgreiningarleysi – og að auka árangur – í skólum stýrist meðal annars af kennslu, stuðningi við nám, stjórnun, vellíðan og þátttöku nemenda, námskrá, samstarfi, skipulagi skólastarfs og





stuðningskerfum. Þessi lykilsvið voru könnuð á meðan verkefninu stóð og þau gáfu dæmi um hvernig hægt er að keyra stefnumótun og framkvæmd áfram bæði á landsvísu og staðbundið/innan skóla. Verkefnið hefur einnig lagt áherslu á stefnu og framkvæmd sem þróar sameiginlega getu allra hagsmunaaðila og, það sem mikilvægara er, nemendanna sjálfra til að koma á umbótum í skólastarfi.

Tilmæli verkefnisins hér að neðan leggja áherslu á tvo aðalmarkhópa:

- Skólastjórnendur og kennara
- Stjórnendur í skólakerfinu (á staðar-/svæðis- eða landsvísu) og stefnumótendur.

Niðurstöður verkefnisins Aukinn árangur styrkja niðurstöður og tilmæli fyrri verka Miðstöðvarinnar, sem eru einnig undirstrikuð hér að neðan.

Tilmæli til skólastjórnenda og kennara

Skólastjórnendur leika lykilhlutverk í öllum umbótum í námi. Þeir verða að forgangsraða jafnræði og gæðum í allri ákvarðanatöku sinni, sem hefur áhrif á nemendahópa, úthlutun starfsmanna, aðgang að námsskrá og tækifæri til faggildingar og fjármögnunar. Þá fylgir að þeir verða að sýna skuldbindingu við áframhaldandi fagnám fyrir alla kennara og aðra hagsmunaaðila.

Skólastjórnendur og kennarar ættu að:

- **Byggja upp sterkt stjórnunarteymi og dreifa verkefnum meðal hagsmunaaðila til að tryggja sjálfbærni og örugga þátttöku.** Lykilverkþættir taka til skilvirkar notkunar á innri og ytri gögnum/upplýsingum til að tryggja að þróun (í kennslu og námi, námskrá, mati á einstaklingum og skipulagi skóla) veiti réttlát tækifæri fyrir alla nemendur og að allir hagsmunaaðilar taki þátt í endurskoðun og þróun skólastarfs.
- **Þróa gildi í skólastarfi sem stuðla að kurteislegum samskiptum á milli allra hagsmunaaðila.** Það tungumál sem er notað til að tala um kennara ætti að forðast flokkun/undirflokkun. Allt starfsfólk þarf að taka ábyrgð á árangri og vellíðan allra nemenda innan sveigjanlegra skipulagsgerða. Umræðan ætti að leggja áherslu á að „stefna markvisst að árangri allra nemenda“ (EENET, 2017) til að veita persónumiðuð tækifæri til framfara. Hún ætti einnig að fela í sér hlustun á rödd nemandans og, með þessum aðgerðum, auka þátttöku og skuldbindingu.



- **Tryggja kennslu og nám sem er byggt á sönnunargögnum.** Skólar ættu að taka virkan þátt í rannsóknum til að styðja við nýjar aðferðir við að auðvelda öllum nemendum að taka framförum. Próa þarf kerfi/samstarf til að tryggja aðgengi að nógildandi rannsóknargögnum. Þeir ættu einnig að styðja rannsóknarstarf í skólum og úthluta viðeigandi tíma fyrir þetta form fagnáms og þróunar í gegnum samstarf.

Vinna við verkefni Aukins árangurs hefur ennfremur styrkt tilmæli úr fyrri verkefnum Miðstöðvarinnar, sem hvetja skólastjórnendur og kennara til að:

- **Þjóða upp á sveigjanlega námskrá til að tryggja að hún gagnist öllum nemendum.** Þetta ætti að taka til fleiri þátta en akademísku efnis og innihalda víðtækari færni í undirbúningi undir líf, störf og einstaklingsþroska (t.d. einstaklings-/félagsfærni, listir, íþróttir, o.s.frv.). Skólar ættu að skapa tækifæri til vals fyrir nemendur til að auka þátttöku og ættu að taka tillit til nýrra tækifæra til frekari menntunar, þjálfunar og atvinnu, svo að þeir geti undirbúið allt ungt fólk undir að fara á jákvæða og sjálfbæra áfangastaði.
- **Próa „matslæsi“ meðal kennara og annarra hagsmunaaðila** til að gera þeim kleift að:
 - nota matsupplýsingar með nemendum til að styðja við frekara nám;
 - vinna með samstarfsaðilum að því að deila þekkingu sinni á stöðlum og álitum um framfarir nemenda til að viðhalda miklum væntingum til allra.
- **Byggja upp kerfi/ferli sem styðja við samstarf við fjölskyldur og sérfræðipjónustu** (t.d. sérfræðingar úr heilsugæslu, félagsþjónustu, o.s.frv.) til að bæta stuðning við alla nemendur, sérstaklega þá sem eru með fötlun og þurfa flóknari stuðning. Sérfræðipækkingu ætti að deila til að byggja upp getu/færni meðal allra hagsmunaaðila í lærdómssamfélaginu og til að forðast útskúfun/aðgreiningu nemenda.

Tilmæli til stjórnenda í skólakerfinu og stefnumótenda

Samkvæmt nýlegum rannsóknar- og verkefnisgögnum ættu stjórnendur í skólakerfinu og stefnumótendur að styðja samstarfsnálganir innan og á milli skóla. Þeir verða einnig að tryggja að skólastjórnendum sé gert kleift að vinna skipulega að því að byggja upp getu hjá öllu starfsfólki. Ráðning og úthlutun starfsfólks til skóla/lærdómssamfélaga verður að haldast stöðug til lengri tíma litið til að viðhalda árangursríkum samböndum og tryggja réttlátari niðurstöður og meiri árangur fyrir alla nemendur.



Stjórnendur í skólakerfinu og stefnumótendur ættu að:

- **Próa leiðir til að safna og deila upplýsingum um „það sem virkar“** til að tryggja að sönnunargögn séu fyrsta skrefið að því að leggja grunninn að stefnumótun, innleiðingu og mati. Skólar/lærdómssamfélög ættu að vinna saman að því að þróa framkvæmd sem er byggð á sönnunargögnum, þróun á stjórnun og áframhaldandi faglegri starfsþróun kennara.

Vinna við verkefnið Aukinn árangur, í samræmi við fyrri verkefni Miðstöðvarinnar, hvetur stjórnendur í skólakerfinu og stefnumótendur einnig til að:

- **Greiða fyrir almennri umræðu þjóðarinnar til að þróa sameiginlegan skilning á námi án aðgreiningar.** Litið skal á nám án aðgreiningar sem meginatriði sem liggur til grundvallar framförum og árangri allra nemenda í kerfi sem tryggir námstækifæri, í stað þess að leggja áherslu á vandamál við staðsetningu eða jöfnunaraðferðir.
- **Auka samstarf á milli ráðuneyta/deilda á landsvísu sem hafa lykilhlutverk í menntun og stuðningi við nemendur og fjölskyldur þeirra.** Slíkt samstarf ætti að auðvelda stefnu um samstarf á milli staðbundinna þjónustugeira til að tryggja skilvirka teymisvinnu í kringum nemendur/fjölskyldur með mikla þörf á aðstoð í hverju samfélagi. Landsstefna ætti einnig að styðja við lærdómssamfélög í viðleitni þeirra við að vinna nánar með foreldrum/fjölskyldum og viðurkenna þetta sem lykilþátt í árangri nemenda.
- **Tryggja skýrleika varðandi virkni leiðsagnar- og lokamats og vinna að samþættu matskerfi sem hæfir tilgangi og tekur til allra nemenda.** Þróa þarf einstaklingsmats- og faggildingarkerfi til að viðurkenna víðtækara nám og árangur, ásamt akademísku takmarki, og tryggja að ólík „námsferli“ séu jafnt metin. Þetta ætti að taka til viðeigandi tækifæra fyrir nemendur sem upplifa flóknari hindranir í námi (eins og vitsmunalega fötlun).
- **Tryggja að stefna um grunnmenntun kennara og áframhaldandi faglega starfsþróun leggi áherslu á nám án aðgreiningar, jafnræði og fjölbreytileika.** Grunnmenntun kennara og áframhaldandi fagleg starfsþróun ætti að þroska viðhorf, gildi og hæfni kennara og gera þeim kleift að nota sönnunargögn og íhuga og leggja mat á eigið starf á skilvirkan hátt til að tryggja umbætur sem leggja áherslu á jákvæðar niðurstöður fyrir alla nemendur.



- **Undirgangast endurskoðun á ábyrgðar- og gæðatryggingarkerfum til að tryggja þau séu samfelld og styðji þróun á námi án aðgreiningar.** Slík kerfi og ferli ættu að veita upplýsingar um aðgengi og jafnræði varðandi framlög, ferli og niðurstöður á þann hátt að það rangfæri ekki framkvæmdina eða jaðarsetji viðkvæma nemendur. Þau ættu einnig að veita skólum umboð til að leggja áherslu á framfarir og árangur allra nemenda, en ekki aðeins á það sem auðvelt er að mæla.

Að lokum þurfa stefnumótendur að fjárfesta til skemmri tíma, sem getur hugsanlega sparað fé til lengri tíma lítið. Þeir þurfa einnig að gera raunhæfa tímaáætlun fyrir allar umbætur. Þessir þættir hafa afleiðingar á ákvarðanatöku innan pólitískra hópa, sem kunna að vara of stutt til að sjá áhrifin af þeim breytingum sem eru gerðar.

Slíkar breytingar þurfa að taka heildrænt á félagslegum og námslegum ójöfnuði með stórfelldri umbreytingu. Lítils háttar inngríp geta ekki vegið upp á móti ójöfnuði í kerfi sem er óréttlátt í grundvallaratriðum.

ÚTKOMA VERKEFNISINS

Nánari upplýsingar eru tiltækar á vefsvæði verkefnisins á: **www.european-agency.org/agency-projects/raising-achievement**. Þetta felur í sér hugtakaramma verkefnisins og skýrslur um nálganir einstaka landa til að auka árangur. Verkefnið hefur einnig gefið af sér eftirfarandi útkomur:

- Yfirlitsskýrsla verkefnisins: *Raising the Achievement of All Learners in Inclusive Education: Lessons from European Policy and Practice* [Aukinn árangur allra nemenda í námi án aðgreiningar: Lærdómur af stefnum og starfsvenjum í Evrópu]. Sjá: **www.european-agency.org/resources/publications/raising-achievement-all-learners-project-overview**
- *Raising the Achievement of All Learners: A Resource to Support Self-Review* [Aukinn árangur allra nemenda: Úrræði til að styðja sjálfsmat]. Sjá: **www.european-agency.org/resources/publications/raising-achievement-all-learners-self-review**
- *Raising the Achievement of all Learners in Inclusive Education – Literature Review* [Aukinn árangur allra nemenda í námi án aðgreiningar – Fræðileg umfjöllun]. Sjá: **www.european-agency.org/publications/reviews/raising-the-achievement-of-all-learners-in-inclusive-education-literature**





- Guidance for teachers and school leaders [Leiðsögn fyrir kennara og skólustjórnendur]. Sjá: www.european-agency.org/agency-projects/raising-achievement.

HEIMILDIR

Enabling Education Network (EENET), 2017. *Quote of the Week [Tilvitnun vikunnar]*. 10. júlí 2017. twitter.com/GlobalEENET/status/884318037763141632 (Síðast sótt í október 2017)

Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2015. *Tillaga að afstöðu miðstöðv-arinnar til námskerfa án aðgreiningar*. Odense, Danmörku. www.european-agency.org/publications/brochures-and-flyers/agency-position-on-inclusive-education-systems-flyer (Síðast sótt í ágúst 2017)

Framkvæmdastjórn ESB, 2017. *Teachers and school leaders in schools as learning organisations. Guiding Principles for policy development in school education [Kennarar og skólustjórnendur í skólum sem menntastofnanir. Leiðbeinandi grundvallarrit fyrir stefnumótun í skólamenntun]*. Skýrsla frá vinnuhópum skóla ET 2020 frá 2016-2018. ec.europa.eu/education/sites/education/files/teachers-school-leaders-wg-0917_en.pdf (Síðast sótt í október 2017)

Mitchell, D., 2014. *What Really Works in Special and Inclusive Education: Using Evidence-Based Teaching Strategies [Það sem virkar í sérkennslu og námi án aðgreiningar: Notkun á kennsluáðferðum byggðum á sönnunargögnum]*. London: Routledge

Ráð Evrópusambandsins, 2017. *Conclusions of the Council and of the Representatives of the Governments of the Member States, meeting within the Council, on Inclusion in Diversity to achieve a High Quality Education for All [Niðurstaða Ráðsins og fulltrúa ríkisstjórna aðildarríkjanna, fundur innan Ráðsins, um aðgreiningarleysi í fjölbreytileika til að ná hágæðamenntun fyrir alla]*. 2017/C 62/02. eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=uriserv:OJ.C_.2017.062.01.0003.01.ENG (Síðast sótt í október 2017)

Sameinuðu þjóðirnar, 1989. *Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins*. New York: Sameinuðu þjóðirnar

Sameinuðu þjóðirnar, 2006. *Sameinuðu þjóðirnar Samningur um réttindi fatlaðs fólks*. New York: Sameinuðu þjóðirnar. www.un.org/development/desa/disabilities/convention-on-the-rights-of-persons-with-disabilities/convention-on-the-rights-of-persons-with-disabilities-2.html (Síðast sótt í september 2017)

Sameinuðu þjóðirnar, 2015. *Sjálfbær þróunarmarkmið. Markmið 4: Gæðamenntun*. www.undp.org/content/undp/en/home/sustainable-development-goals/goal-4-quality-education.html (Síðast sótt í september 2017)



Aðalskrifstofa:

Østre Stationsvej 33
DK-5000
Odense C
Denmark
Sími: +45 64 41 00 20
secretariat@european-agency.org

Skrifstofa í Brussel:

Rue Montoyer 21
BE-1000
Brussels
Belgium
Sími: +32 2 213 62 80
brussels.office@european-agency.org



www.european-agency.org